

FISKSJÚKDÓMANEFND

Form. Halldór Runólfsson, yfirdýralæknir
Sigurður Ingvarsson, forstöðumaður Keldna
Þórður Ásgeirsson, fiskistofustjóri
Árni Ísaksson, Veiðimálastjóri

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/1772

komudagur 25.4.2003

Reykjavík, 22. apríl 2003

Landbúnaðarnefnd Alþingis
bt. Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur
Alþingi
150 Reykjavík

Málefni: Beiðni um frest vegna umsagnar fisksjúkdómanefndar og yfirdýralæknis um frumvarp til laga um lax- og silungsveiði o.fl., 681. mál

Með vísan til bréfs landbúnaðarnefndar Alþingis, dags. 26. mars sl., hefur fisksjúkdómanefnd á fundi sínum í dag, 22. apríl 2003, tekið til meðferðar 681. mál; frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra og lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum.

Með breytingu á lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, sem samþykkt var á Alþingi þann 15. mars 2003, var sú breyting m.a. gerð að fiskistofustjóri skal taka sæti í fisksjúkdómanefnd. Í dag var haldinn fyrsti fundur með nýrri nefndarskipan og því hefur lítið svigrúm gefist til formlegrar umfjöllunar á ofangreindu frumvarpi til laga. Samþykkt var að leita eftir frestun á að skila umsögn til landbúnaðarnefndar þar til 7. maí nk., en mál þetta skal tekið til lokaafgreiðslu innan fisksjúkdómanefndar þann 5. maí nk. Þar sem yfirdýralæknir gegnir formennsku í nefndinni óskar hann einnig eftir sama fresti svo samræmis verði gætt í afgreiðslu umsagnar.

Í ljósi ofanritaðs er þess hér með farið á leit við landbúnaðarnefnd Alþingis að hún veiti bæði fisksjúkdómanefnd og yfirdýralækni frest til að skila inn umbeðinni umsögn þar til miðvikudaginn 7. maí 2003.

Virðingarfyllst,
f.h. fisksjúkdómanefndar og yfirdýralæknis;


Gísli Jónsson

